



Faghópur II

Fundargerð 17. fundar

Orkugarði 30. september 2009, kl. 16:00

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Friðrik Dagur Arnarsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson, Rögnvaldur Ólafsson, Sveinn Runólfsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll:

Fundarfrásögn:

1. **Fundargerð** síðasta fundar var vísað til næsta fundar.
2. **Nýir meðlimir faghópsins.** Fundur verkefnisstjórnar þann 25. sept. samþykkti að Friðrik Dagur gengi formlega til liðs við faghópinn. Einnig að Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun, tæki þátt í starfi faghópsins í mati á hlunnindum.
3. **Kynningarfundur Landsnets.** Fram komu vonbrigði með kynningarfund Landsnets þann 28. sept. og taldi hópurinn að fundurinn hefði lítið sem ekkert bætt úr skorti á upplýsingum um línulagnir gagnvart fyrirbyggjandi virkjunarkostum. Helst að nýta mætti kort er sýndu tengivirki við landsnetið.
4. **Grisjun virkjunarkosta.** Formaður kynnti tillögu Sveinbjörns Björnssonar frá fundi verkefnisstjórnar um grisjun virkjunarkosta. Gagnrýnd var sú áhersla sem sett er á virkjunarkosti fremur en svæði; sjónarmið orkugeirans væru yfirgnæfandi í vinnunni. Formaður tók fram að rammaáætlun hefði verið ýtt úr vör til að kanna áhrif virkjana á umhverfið og aðra nýtingarmöguleika. Markmið faghópsins er að taka til mats „þrönga hagsmuni“ ferðaþjónustu, útivistar og hlunninda án tillits til hagsmuna orkugeirans. Mikilvægt er að halda stíft fram þessu sjónarmiði, taka til mats sem allra flest svæði og rökstyðja sýn faghópsins. Ef niðurstaðan verður sú að einhverjir kostir og/eða svæði verði tekin af matslista til fækka kostum og spara tíma, er mikilvægt að koma strax á framfæri bráðabirgðamati faghópsins. Af því tilefni samdi hópurinn eftirfarandi bókun sem formaður mun kynna á formannafundi faghópa þar sem rætt verður um mögulega grisjun virkjunarkosta.

Vegna tillagna sem komið hafa fram í verkefnisstjórn um fækkun virkjunarkosta sem eru til skoðunar í 2. áfanga rammaáætlunar vill Faghópur 2 koma eftirtöldu á framfæri. Faghópurinn hefur nú þegar í sinni vinnu komist að þeirri niðurstöðu að virði eftirfarandi svæða er það mikið fyrir útivist og ferðaþjónustu að þar skuli ekki virkjað. Ljóst er að ekki er um tæmandi lista þar sem vinnan er skammt á veg komin og má búast við að fleiri svæði bætist við á síðari stigum.

- a. Svæðið milli Hofsjökuls og Langjökuls frá byggðamörkum í suðri að Seyðisá í norðri, (þ.m.t. Gullfoss, Hagavatn og Kerlingarfjöll).
 - b. „Fjallabakssvæðið“ þ.á.m. Markarfljótsgljúfur, Torfajökulssvæðið, Friðland að Fjallabaki og Hólmsárlón.
 - c. Langisjór.
 - d. Hálendið norðan Vatnajökuls ; Askja, Kverkfjöll, Hnúthálsar og Ferminámar.
 - e. Jökulsá á Fjöllum.
 - f. Svæðið norðan og vestan Leirhnúks til og með Gjástykki.
 - g. Vonarskarð.
 - h. Aldeyjarfoss í Skjálfafljóti.
5. **Vinnulag mats.** Stuttlega var rætt um hvernig matsvinnu verði best hagað, m.a. hvort virkjunarkostir og svæði verði alfarið metin sameiginlega af hópnum eða hvort tillögur komi frá hverjum og einum og síðan verði komist að um sameiginlegri niðurstöðu.
6. **Næsti fundur** verður haldinn 7. október kl. 16:00 á Orkustofnun.